Nr. 15.
22.
marz.

# Viðaukalög

við

tilsk. um veiði á Islandi 20. júní 1849.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, **Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,**

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hver sá, sem drepur æðarfugl af ásettu ráði, skal auk sekta þeirra, er getur um í 11. gr. tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849, gjalda í sekt fyrir hvern fugl 10—100 kr.; sje brotið ítrekað, tvöfaldast sektin.

2. gr.

Engir, hvorki varpeigendur nje aðrir, mega selja nje kaupa æðaregg. Brjóti nokkur móti þessu, skal hann gjalda 10—100 kr. sekt; sje brotið ítrekað, tvöfaldast sektin.

3. gr.

Enginn má kaupa eða selja, hirða eða hagnýta nokkurstaðar á Íslandi dauða æðarfugla eða hluti af þeim. Brjóti nokkur hjer á móti, skal hann gjalda 10—100 kr. sekt.

4. gr.

Sektir þær, sem ákveðnar eru í 1., 2. og 3. gr. renna að $^1/_3$ hluta í sveitar- eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið, en $^2/_3$ til uppljóstarmanns.

5. gr.

Mál þau, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 22. marz 1890.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Nr. 15. Viðaukalög 22. marz við tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849.

# Lov

Nr. 15.
22de
Marts.

indeholdende

Tillæg til Anordning om Jagten i Island af 20de Juni 1849.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Enhver, der forsætligen dræber en Ederfugl, skal, foruden de i § 11 i Anordning om Jagten i Island af 20de Juni 1849 omhandlede Bøder, for hver Ederfugl erlægge en Bøde af 10—100 Kr., der i Gjentagelsestilfælde fordobles.

§ 2.

Ingen, være sig Varpeejere eller Andre, maa sælge eller kjøbe Ederfugleæg. Overtrædelser heraf straffes med Bøder fra 10 til 100 Kr., der i Gjentagelsestilfælde fordobles.

§ 3.

Ingen maa nogetsteds i Island kjøbe eller sælge, tage til sig eller benytte døde Ederfugle eller Dele deraf. Overtrædelser heraf straffes med Bøder fra 10 til 100 Kr.

§ 4.

De i §§ 1, 2 og 3 omhandlede Bøder tilfalde med en Trediedel den Kommunes Kasse, hvor Overtrædelsen er begaaet, medens to Trediedele tilfalde Angiveren.

§ 5.

Sager i Anledning af Overtrædelser af nærværende Lov behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 22de Marts 1890.

Under Vor kongelige Haand og Segl.

*Christian R.*

(L. S.)

*J. Nellemann.*